



Barbara Cartland

Á valdi ástarinnar





Barbara Cartland

Á valdi ástarinnar

20

 SAGA
EGMONT

Barbara Cartland

Á valdi ástarinnar
(Hin eilífa sería Barböru Cartland 17)

SAGA Egmont

Á valdi ástarinnar (Hin eilífa sería Barböru Cartland 17)

Translated by Sigurður Steinsson

Original title: *The Cruel Count*

Original language: English

Cover image: Shutterstock

Copyright © 1975, 2021 Barbara Cartland and SAGA Egmont

All rights reserved

ISBN: 9788726741971

1st ebook edition

Format: EPUB 3.0

No part of this publication may be reproduced, stored in a retrieval system, or transmitted, in any form or by any means without the prior written permission of the publisher, nor, be otherwise circulated in any form of binding or cover other than in which it is published and without a similar condition being imposed on the subsequent purchaser.

www.sagaegmont.com

Saga Egmont - a part of Egmont, www.egmont.com

Barbara cartalnd:

1. Týndir töfrar, 1974
2. Ást og metnaður, 1975
3. Fórnfús ást, 1976
4. Í hafróti ástríðna, 1977
5. Hver ertu, ástin mín? 1978
6. Tvífari drottningarinnar, 1979
7. Vængir ástarinnar, 1980
8. Hjarta er tromp, 1981
9. Ástin blómstrar á öllum aldurskeiðum, 1982
10. Segðu já, Samantha, 1983
11. Á valdi ástarinnar, 1984

Fyrsti Kafli

1819

Vesta gekk út á hafnargarðinn. Hún fann enn til sjóriðu, enda þótt hún hefði nú fast land undir fótum. Hún gekk áleiðis niður hafnarbakkann og leit forvitnislega í kringum sig.

Hún hafði að vísu átt von á, að Katona væri fallegt land, en þá undurföguru sjón, sem við henni blasti, hafði hún aldrei látið sig dreyma um.

Litli hafnarbærinn með timburhúsunum og rauðu tígulsteinsþökunum var sem málverk, en fyrir ofan bæinn voru fagurgrænir skógar en handan þeirra risu lágar skógi vaxnar hæðir og í fjarska sá hún hvar snævi þaktir fjallstindar báru við heiðskíran himininn.

Alls staðar voru blóm.

Það voru blóm á svölum litlu húsanna, blóm á lágum hæðunum, í gljúfrunum, undir trjánum – í hinum fjölbreytilegustu litum, hvert sem litið var, og hún andvarpaði næstum af hrifningu.

– Nýja landið mitt! hvíslaði hún með sjálfri sér.

Blá augu hennar ljómuðu í litla, hjartalaga andlitinu, meðan hún beið eftir undirforingja af skipinu, sem var á leið til hennar.

Hann hneigði sig kurteislega fyrir henni og sagði:

– Ég hef borgað tíu mönnum fyrir að bera farangurinn yðar upp að kránni, fröken. Viljið þér, að ég fylgi yður?

– Alls ekki, herra Barnes, svaraði Vesta. – Ég veit, hvað það er erfitt fyrir skipstjórann að ráða við skipið í þessum

mikla öldugangi. Hann þarf á hjálp yðar að halda, og þér ættuð að flýta yður til hans.

- Já, en fröken - er alls enginn, sem tekur á móti yður?

- Ég geri ráð fyrir, að þeir bíði eftir mér á kránni, svaraði Vesta. - Þegar allt kemur til alls, þá vissu þeir ekki nákvæmlega, hvenær við kæmum.

- Það er rétt hjá yður, fröken. Það var heppni, að við yfirleitt náðum til hafnar.

Undirforinginn brosti, meðan hann talaði, og Vesta brosti við honum.

- Þetta var erfið ferð, sagði hún, - en engu að síður náði ég heil á húfi á leiðarenda, og fyrir það er ég skipstjóranum og áhöfn skipsins ákaflega þakklát. Viljið þér færa þeim mínar beztu þakkir?

- Það er mér ákaflega ljúft að gera, fröken. Ég lít á það sem forréttindi og heiður að hafa yður sem farþega.

- Þakka yður fyrir þessi fallegu orð, herra Barnes.

Vesta rétti fram höndina. Hann tók hlýlega í hana og sagði:

- Leyfist mér fyrir mína hörid og áhafnarinnar að óska yður alls hins bezta í framtíðinni?

- Takk, herra Barnes, sagði Vesta aftur.

Hann lyfti hendinni í kveðjuskyni, en sneri sér síðan við og gekk ákveðnum skrefum aftur að litla árabátnum, sem flutt hafði lafði Vestu Cressington-Font og allan hennar farangur frá skipinu í land.

Árabáturinn var mannaður átta brezkum sjómönnum, og Vesta varð að bæla niður löngun sína til að veifa þeim, því að það kynni að virðast dálítið kumpánlegt.

Þess í stað sneri hún sér við og rölti á eftir mönnunum, sem drógu farangurinn hennar. Nokkrir þeirra virtust svo gamlir, að þeir virtust óvenju bognir undan þunganum af töskunum hennar.

Það var raunar einkennilegt, hugsaði Vesta, að brúðarfatnaður hennar, sem var glæsilegir silkikjólur og dragtir, gæti verið svona þungur.

Hún hafði raunar ekki ýkja mikinn áhuga á töskunum sínum þessa stundina. Þess í stað virti hún forvitin fyrir sér fólkið, sem stóð fyrir utan litlu húsin sín eða vann við höfnina, vitandi það, að framtíð hennar var meðal þessa fólks.

Karlmennirnir voru dökkhærðir og þrekvaxnir með hvassa andlitsdrætti, en konurnar voru vel vaxnar og yfirleitt mjög aðlaðandi.

Svipur þeirra var hlýlegur og vingjarnlegur, og hörund þeirra var gulbrúnt undan sterkri sólinni.

Börnin, sem öll höfðu svört og glaðleg augu, voru með litlar rauðar húfur með stórum dúskum, og Vesta gat sér þess til, að þessar húfur hlytu að vera hluti af þjóðbúningi þeirra.

Þetta virðist vera fallett land, þar sem býr fallett fólk! hugsaði Vesta með sjálfri sér.

Hún minntist þess, að hún hafði litið undrandi á föður sinn, þegar hann nefndi Katonu fyrst við hana.

- Katona? hafði hún spurt.

- Já, - veiztu, hvar það er? hafði hertoginn af Salfont spurt.

Vesta hikaði eitt andartak.

- Einhvers staðar við Miðjarðarhafið? Ó, nei! Voðalegur kjáni er ég! Það er á milli Albaníu og Grikklands og er óháð ríki Tyrkja!

- Rétt, sagði hertoginn og kinkaði kolli. - Það gleður mig, að þú ert svona vel að þér í landafræðinni.

- Ég verð því miður að viðurkenna, að ég veit ekki ýkja mikið annað um landið en það, hvar það er, viðurkenndi Vesta, - en ég held, að ég fari með rétt mál, þegar ég segi, að stríðið hafi ekki haft nein áhrif þar.

- Það er rétt, svaraði hertoginn. - Napoleon Bonaparte lagði ekki undir sig Katonu, og þess vegna komst landið hjá því, sem varð örlög stórs hluta af Evrópu. Það hefur heldur ekki þurft að fórna sonum sínum á altari styrjaldarinnar.

Vesta komst ekki hjá því að greina biturleikann, sem var í rödd hans. Hertoginn hafði nefnilega misst einkason sinn við Waterloo, og allt tal um stríðið vakti jafnan sárar endurminningar hjá hanum.

Vesta tók allt í einu eftir því, að burðarmennirnir voru komnir að lítilli krá. Hún hélt á eftir þeim, og maður, sem virtist vera kráareigandi, birtist í dyrunum og hneigði sig virðulega fyrir henni.

Nú var stundin runnin upp, þegar hún skyldi sýna, hversu vel hún kunni það tungumál, sem hún hafði lært af svo miklu kappi á langri siglingunni frá Englandi.

- Þér áttuð von á mér? spurði hún hikandi, um leið og hún vonaði, að maðurinn skildi hana.

- Ég átti von á yður, fröken.

- Er eitthvað fólk komið til að hitta mig?

Kráareigandinn hristi höfuðið og hóf að skýra eitthvað út í löngu máli, þar sem hún skildi aðeins eitt orð af hverjum tíu.

En svo mikið hafði hún þó skilið, að enginn beið hennar - nema kráareigandinn, sem virtist líka vera undrandi á því, að enginn skyldi vera kominn til að bjóða hana velkomna.

Kráareigandinn talaði í sífellu, meðan hann fylgdi Vestu eftir litlum gangi að dyrum inn í litla setustofu.

Þetta var vistleg stofa með gluggum með mörgum litlum rúðum, og í gegnum þær gat maður horft út á höfnina og út í lítinn garð, sem var alsettur litskrúðugum blómum og blómstrandi appelsínutrjám.

Í þessu birtist kona á miðjum aldri - greinilega eiginkona kráareigandans. Hún hneigði sig lotningarfull fyrir Vestu og

bauðst til að fylgja henni upp á næstu hæð, þar sem hún ætti að sofa.

Vestu var vísað inn í rúmgott svefnherbergi, og konan gerði henni skiljanlegt með bendingum og látbragði, að hún gæti þvegið sér eða skipt um föt, ef hún óskaði þess.

En þar sem hún var nýkomin af skipinu, lét hún sér nægja að fara úr kápunni, sem hún hafði farið í, þegar hún steig á land, en síðan gekk hún aftur niður í setustofuna.

Úr einum glugganum sá hún skútuna, sem hafði flutt hana alla leiðina frá Englandi. Hún hafði varpað akkeri úti á höfninni og vaggaði órólega í ölduganginum. Það var verið að taka litla árabátinn um borð, og það setti allt í einu einhvern beyg að Vestu. Henni fannst sem nú væri skorið á síðustu tengsl hennar við England.

Á skipinu voru fimmtíu menn, sem þekktu hana, sem töluðu hennar tungu, sem voru landar hennar – og þeir fólu hana nú á vald örlögum hennar í þessu ókunna landi, sem ekki hafði einu sinni hirt um að senda fulltrúa, sem gæti boðið hana velkomna.

Hún skildi þetta ekki!

Forsætisráðherrann, János Sutez, hafði gert henni nákvæmlega grein fyrir því, hverju hún mætti búast við.

– Hans konunglega hátign mun ekki taka á móti yður við höfnina, hafði hann sagt. – Hann mun bíða yðar í höllinni í Djilas, en barón Milovan, ágætur aðalsmaður, sem á glæsilega höll miðja vegu milli Jenó, þar sem þér stigið á land, og Djilas, þar sem tekið verður á móti yður með þeirri viðhöfn, sem sæmir verðandi drottningu landsins.

– Hver verður í fylgd með baróninum? hafði Vesta spurt.

Forsætisráðherrann hafði skilið kvíða hennar og talið nákvæmlega upp fyrir henni það fólk, sem yrði hennar fyrstu tengiliðir við hið nýja land.

Það yrðu tvær konur fyrir utan konu barónsins, og auk þess myndi hirðfólk, embættismenn og aðalsmenn fylgja

henni til höfuðborgarinnar.

Fyrsti dagurinn verður frekar óformlegur, hafði forsætisráðherrann sagt. – Það má búast við, að þér verðið þreytt eftir hina löngu ferð, og þér munuð aka með baróninum og fylgdarmeyjum hans til hallarinnar, þar sem þér munuð gista, áður en þér haldið áfram næsta dag til höfuðborgarinnar.

– Það er aðeins um það bil tveggja tíma akstur frá höll barónsins til Djilas, og þér munuð borða hádegisverð í höll utan við höfuðborgina, sem er í eigu manns, sem á sæti í stjórn prinsins.

Hann brosti.

Þar getið þér skipt um föt og farið í fallegan kjól, svo að þér getið verið vel til höfð, þegar þér akið inn í borgina, þar sem þúsundir hafa tekið sér stöðu meðfram götunum til að fagna yður.

– En prinsinn? hafði Vesta spurt.

– Hans konunglega hátign mun taka á móti yður á tröppum hallarinnar. Hann fær auðvitað nákvæmar upplýsingar um það, hvenær þér komið, og um leið og ökutækin nema staðar, mun hann koma áleiðis niður tröppurnar til að bjóða yður velkomna.

Hann brosti aftur.

– Ef ég gæti verið viðstaddur, hefði það verið mér mikill heiður að kynna yður, en í fjarveru minni verður það baróninn, sem sér um að kynna yður.

Vesta hafði dregið andann djúpt. Hún vissi mæta vel, að þessi stund yrði sú erfiðasta í allri ferðinni.

Hún gekk eirðarlaus fram og aftur í litlu setustofunni. Hvað hafði gerzt? Hvers vegna hafði enginn komið til að taka á móti henni?

Forsætisráðherrann hafði sagt henni, að búizt væri við því, að hún stigi á land í Jenó. Það væri að vísu stærri

hafnarborg sunnar á ströndinni, en Jenó var sú hafnarborg, sem var næst höfuðborginni.

Það var aðeins fimm tíma ferð frá Jenó til Djilas, en engu að síður hafði verið ákveðið að skipta ferðinni í tvo áfanga og láta hana gista í höll barónsins.

- Þeim hlýtur að hafa skjátlazt eitthvað varðandi komutíma minn, sagði hún við sjálfa sig.

En þó vissi hún, að forsætisráðherrann hafði skýrt frá því, að hún yrði í Jenó milli 25. maí og 1. júní.

Í dag var 26. - svo að henni hafði seinkað! Höfðu menn ætlazt til þess, að hún biði alein á þessari litlu krá, ef hún hefði komið degi fyrr? Nei, það var ómögulegt.

Hún gat ekki varizt því að velta því fyrir sér, hversu bálreiður forsætisráðherrann hefði orðið, ef hann hefði fylgt henni og komið hefði verið fram við hann á sama hátt.

Kráareigandinn birtist í dyrunum og sagði eitthvað. Vesta skildi nógu mikið til að vita, að hann spurði hana, hvort hún vildi fá eitthvað að borða.

- Já, takk, svaraði hún. - Það væri indælt.

Það var ef til vill fullsnemmt að borða, þar sem klukkan var rétt orðin tólf, en hún var reyndar mjög svöng.

Skipið hafði að vísu tekið vistir í Neapel, en hún hafði smám saman orðið leið á hinum fáu réttum, sem skipskokkurinn gat matreitt og hún hafði borðað minna og minna með hverjum deginum, sem leið.

Það var lagt á borð fyrir hana við gluggann, þar sem hún gat setið og horft út í garðinn, og stuttu seinna kom ung stúlka, dökk á hörund og með langar hrafnsvartar fléttur, og hún hélt á stóru fati.

Ilminn lagði frá fatinu, þegar lokið var tekið af því. Á fatinu var nýsteiktur fiskur með þessari sérstöku grísku sítrónusósu, sem aðstoðarmaður forsætisráðherrans hafði sagt henni svo mikið frá.

Aðstoðarmaðurinn hafði reyndar sagt henni margt um siði og venjur landsmanna, um matinn og hvað væri helzta viðurværi þeirra.

- Eins og þér sjálf sagst vitið, hafði hann sagt, - er þjóð okkar blanda af Grikkjum, Ungverjum og Albönnum, og við höfum því tileinkað okkur einkenni allra landanna þriggja.

Hann brosti.

- Hvað matinn varðar, eiga Grikkir þó stærri hlut að máli en hinir! Þar sem strandlengjan er löng hjá okkur, er til hjá okkur mikið úrval fiskrétta, og þó svo að sumt af kvenfólkinu hjá okkur sé ekki mjög góðir kokkar, geta þær þó alltaf útbúið góða fiskmáltíð.

Vesta gat ekki annað en verið sammála aðstoðarmanninum. Hún naut þess að borða þennan steikta fisk, sem unga svarthærða stúlkan færði henni.

Að fiskréttinum loknum var borið fram lambakjöt, steikt á teini ásamt tómötum og einhverju grænmeti, sem hún kannaðist ekki við, en var á bragðið eins og grænn pipar.

Lambakjötið var skreytt með ýmsum kryddjurtum, og hún hét sjálfri sér því, að hún skyldi fræðast meira um grænmeti landsins, þegar hún fengi tíma og tækifæri til þess.

Þegar allt kom til alls, þá höfðu forsætisráðherrann og aðstoðarmaður hans aðeins getað svarað helmingnum af þeim spurningum, sem hún lagði fyrir þá.

Kráareigandinn hafði fært henni flösku af hvítvíni til að drekka með matnum. Það var hræðilegt á bragðið, og Vestu langaði mikið til að spyrja hann, hvort þetta væri vín, sem búið væri til þarna í héraðinu, en svo langt náði málakunnátta hennar ekki.

Það var ekki aðeins, að henni fyndist mjög erfitt að skilja kráareigandann, því að hann talaði með allt öðrum hreim en forsætisráðherrann og aðstoðarmaður hans, heldur var það líka augljóst, að kráareigandinn átti í mestu erfiðleikum

með að skilja *hana*, þegar hún reyndi að segja eitthvað við hann á tungu landsmanna.

Þegar Vesta hafði lokið við að borða, sá hún, að klukkan var að verða eitt. Það liði sjálfsagt ekki á löngu, þangað til íbúar þessa litla þorps færu og fengju sér miðdegishvöld.

Þegar hún leit út um gluggann, sá hún nokkra gamla menn, sem sátu utan við eitt húsið og depluðu augunum í sterkri sólinni.

Hvað í ósköpunum á ég að gera, ef enginn kemur að sækja mig? hugsaði hún örvæntingarfull.

Þetta var skelfileg tilhugsun. Skyldu þeir hafa gleymt henni með öllu? Skyldi hún þurfa að vera á þessari litlu krá dag eftir dag, mánuð eftir mánuð? Hvað yrði, þegar peningarnir hennar yrðu búnir og hún gæti ekki greitt fyrir matinn, sem hún borðaði?

Þá gæti farið svo, að hún neyddist til að vinna fyrir matnum. Hvaða vinnu gæti hún tekið að sér? Aðstoðað á kránni? Tínt olívur í lundunum utan við bæinn?

Nei, nú varð hún að gæta þess að láta ekki ímyndunaraflið hlaupa með sig í gönur. Hversu oft hafði móðir hennar ekki ásakað hana fyrir hið fjöruga ímyndunarafl hennar?

- Nú læturðu þig aftur dreyma, Vesta, var hún vön að segja. - Þú verður að vera raunsærri! Það er bezt að hafa báða fætur á jörðinni!

Hún mundi vel eftir því, þegar hún hafði fyrir nokkrum árum óvænt heyrt á tal foreldra sinna.

- Ég hef áhyggjur af Vestu, hafði hertogaynjan sagt.

- Hvers vegna? spurði hertoginn.

- Hún er svo allt öðru vísi en jafnaldrar hennar. Hún lifir í draumheimi og tekur stundum ekki eftir því, sem fram fer í kringum hana.

- Það er stundum betra, sagði hertoginn brosandi.

- Vitleysa og rugl, sagði hertogaynjan hvasst. - Vesta ætlast til allt of mikils af náunganum. Hún heldur í fullri alvöru, að aðrir muni alltaf lifa í samræmi við hennar hugmyndir.

- Þá verður hún áreiðanlega fyrir vonbrigðum, bætti hertoginn við.

- Hún verður ekki bara fyrir vonbrigðum - hún verður líka særð og óhamingjusöm, sagði hertogaynjan. - Það borgar sig aldrei að gera sér of háar hugmyndir um lífið.

Hún andvarpaði.

- Vesta er allt of tilfinninganæm og hugarflug hennar er of auðugt.

- Hún vex áreiðanlega upp úr því, sagði hertoginn róandi.

En Vesta vissi mæta vel, að hún hafði ekki vaxið upp úr því. Dagdraumar hennar höfðu frekar færzt í aukana seinni árin, og áður en hún fór frá Englandi hafði hún heitið sjálfri sér því, að nú skyldi hún láta skynsemina ráða og ekki láta óvæntustu atburði setja sig úr jafnvægi.

Hún byrjaði aftur að ganga fram og aftur um gólfið í litlu stofunni, og órói hennar óx með hverri mínúttunni, sem leið. Ætti hún að fá sér göngu í bæinn eða vera kyrr á kránni og vona, að einhver skyti upp kollinum til að ná í hana?

Hún neyddi sjálfa sig til að setjast í hægindastól.

Enginn eldur var í stóra arninum, sem var auðvitað eingöngu notaður á veturna, og það var eitthvað kuldalegt og fráhrindandi við hann, sem varð til þess, að Vesta varð enn daprari í bragði.

Allt í einu heyrði hún raddir fólks frammi á ganginum. Hún skildi ekki það, sem sagt var, en ein röddin var mjög valdsmannsleg og virðuleg. Skyldi þetta vera móttökunefndin, sem væri loks komin? Ósjálfrátt rétti hún úr sér í stólnum.

Hertogaynjan hafði sagt við hana, þegar hún lagði af stað:

- Mundu nú að sýna af þér reisn og sjálföruggi, Vesta. Þú hefur fulla ástæðu til að vera hreykin af ætt þinni og titli föður þíns, og auk þess ert þú ensk. Berðu höfuðið hátt, og hvað svo sem kemur fyrir - skaltu taka því með rósemi og stillingu.

- Ég skal gera mitt bezta, mamma, sagði Vesta.

Nú vonaði hún bara, að hún sýndi af sér nægilega reisn og stillingu, þegar dyrnar myndu opnast eftir andartak og maður gengi inn í stofuna.

Þrátt fyrir einbeitni sína gat Vesta ekki leynt undrun sinni yfir því, hvernig hann leit út.

Hann var með þykkt, svart hár, herðabreiður, grannvaxinn og fíngerður, en það var einkum andlit hans, sem vakti áhuga hennar.

Hann hafði skarpa andlitsdrætti, og dökk augu hans, sem virtust geta ráðið innstu leyndardóma manns, horfðu svo rannsakandi á hana, að hún varð vandræðaleg og óörugg.

Hann virðist ósvífinn, hugsaði hún með sjálfri sér.

Hún tók undrandi eftir því, að föt hans voru þakin þykku ryklagi og að stígvél hans voru óhreini og að skyrtan var fráhneppt, svo að sást í beran hálsinn og brjóstið.

- Mér er sagt, að þér hafið komið án fylgdarliðs! sagði hann, og kraftmikil rödd hans virtist bergmála í lítilli stofunni. - Hvar er forsætisráðherrann?

Rödd hans var skipandi, og Vesta leit ákveðið upp og endurgalt óskelfd hið ákveðna augnaráð hans.

Í fyrsta sinn frá því að hún steig fæti sínum á land í Katonu, blossaði nú upp áköf reiði í henni. Hún hafði verið óróleg og áhyggjufull, af því að enginn kom til að taka á móti henni, en þessi ókunni maður hegðaði sér þannig, að hún fann í senn til reiði og fannst sér misboðið.

- Það virðist sem yður sé það ljóst, hver ég er, herra, sagði hún kuldalega, um leið og hún íhugaði vandlega, hvað hún skyldi segja. - Hvernig væri að sýna almenna kurteisni og segja mér, hver þér eruð, áður en þér takið að spyrja mig spjörunum úr?

Ókunni maðurinn starði eitt andartak á hana, og það var undrunarsvipur á andliti hans, eins og hann hefði alls ekki búizt við því, að hún brygðist við á þennan hátt, Hann lokaði dyrunum á eftir sér og gekk nær Vestu. Svört augu hans horfðu í blá augu hennar, og hún hugsaði með sjálfri sér:

- Hann líkist erni!

- Ég heiti Czako, sagði hann. - Miklos Czako greifi - og ég er með mjög áriðandi skilaboð til forsætisráðherrans.

Hann talaði óaðfinnanlega ensku, og örlítill hreimur sýndi, að þetta var ekki móðurmál hans.

- Þá er ég hrædd um, að þér þurfið að fara um langan veg til að færa hans hátign skilaboð yðar, svaraði Vesta.

- Hvern fjáran eigið þér við með því? sagði greifinn hvasst.

En þegar hann sá undrunarsvipinn á andliti Vestu, flýtti hann sér að bæta við:

- Fyrirgefið þér, fröken. Ég á ekki að tala svona við yður. En ég er með fyrirmæli til ráðherrans frá prinsinum.

- Voruð þér sendur af hans konunglegu hátign? spurði Vesta.

- Ja.

Svarið hefði ekki getað verið styttra.

- Ég geri ráð fyrir, að það hafi verið einhver misskilningur með komudag minn, sagði Vesta rólega. - Hans hátign, forsætisráðherrann, sagði mér, að Milovan barón yrði hér til þess að taka á móti mér.

- Hvar er forsætisráðherrann? spurði greifinn aftur.

Hún heyrði, að honum gramdist, að hún skyldi ekki hafa svarað fyrstu spurningu hans.

- Hans hátign er á sjúkrahúsi í Neapel.

- Á sjúkrahúsi?

- Já. Við fengum erfiða siglingu í gegnum Biscayaflóann, svaraði Vesta, - en það var ekkert á við storminn, sem mætti okkur, þegar við komum út á Miðjarðarhafið.

Skipstjórinn var raunar smeykur um, að skipið mundi farast.

- Meiddist forsætisráðherrann?

- Já, hann fótbrotnaði. Það var slæmt brot, og læknirinn á sjúkrahúsinu sagði, að það væri óverjandi að láta hann halda ferðinni áfram næstu tvær vikurnar. Það var ráðherrann sjálfur, sem krafðist þess, að ég héldi ferðinni áfram.

- Alein? spurði greifinn. - Já, en hvar eru aðrir úr fylgdarliði yðar?

Vesta gat ekki varizt brosi. Henni var alveg ljóst, að sendiboði prinsins var í senn agndofa og skelfdur vegna þeirra fregna, er hún færði honum, og henni var skemmt, vegna þess hversu æstur hann varð.

- Eftir að við fórum frá Neapel, veiktist hluti áhafnarinnar, sagði hún. - Þeir fyrstu veiktust tólf dögum eftir brottförina og eftir því sem dagarnir liðu lögðust fleiri og fleiri í rúmið með hræðileg útbrot. Um tíma héldum við, að þetta væri bólusótt ...

- Bólusótt! hrópaði greifinn áhyggjufullur.

- En til allrar hamingju reyndist ótti okkar ástæðulaus, hélt Vesta áfram. - Þetta reyndist vera slæm hlaupabóla.

- Já, en fylgdarlið yðar ...

- Aðstoðarstúlka mín og aðstoðarmaður ráðherrans veiktust í gær, hélt Vesta áfram, - og í morgun voru þau bæði með háan hita. Aðstoðarmaður ráðherrans var með

yfir fjörutíu stiga hita. Það var útilokað fyrir þau að reyna að fara í land.

- Guð minn góður!

Það lék enginn vafi á því, að manninum í óhreinu reiðfötunum var mjög brugðið vegna frásagnar Vestu.

Hann stóð eitt andartak og horfði á hana - á blá augu hennar og mjög ljóst hár hennar, sem var mjög áberandi við dökkt áklæði hægindastólsins.

Loks sagði hann rámur:

- Þar sem forsætisráðherrann er ekki hér, verð ég að segja yður, hvað gerzt hefur. Ástæðan fyrir því, að þér hafið ekki verið boðnar velkomnar til Katona, lafði Vesta, er sú, að það hefur verið gerð bylting í landinu.

- Bylting!

Nú var komið að Vestu að verða undrandi.

Greifinn kinkaði kolli.

- Hún var gerð fyrir viku, og prinsinn ákvað því, að bezta væri, að þér færuð aftur til Englands. Það voru þessi boð, sem ég átti að færa forsætisráðherranum.

Vesta leit undrandi á greifann, og það leið nokkur stund, áður en hún gat sagt nokkuð.

- Eigið þér í fyllstu alvöru við, að ég ... eigi að fara aftur til ... Englands?

- Það væri bezta lausnin.

- Þegar ég er komin ... alla þessa löngu leið? Þetta hefur verið löng og hættuleg ... ferð.

- Það er mér alveg ljóst, sagði greifinn. - En bylting getur verið lífshættuleg, og sem stendur vitum við ekki, hvernig hún mun enda.

- Eigið þér við, að prinsinn kynni að verða ... drepinn eða neyddur til að segja af sér?

- Möguleikinn er fyrir hendi.

- En ... það hefur sem sagt ekki ... gerzt ennþá?

- Nei. Ekki ennþá.

Vesta horfði hugsi fram fyrir sig í nokkrar sekúndur, en sagði síðan:

- Hvernig hafið þér hugsað yður, að ég fari til baka? Skipið er farið. Það er nú á leið til Aþenu, og þaðan mun aðstoðarstúlka mín og aðstoðarmaður ráðherrans fara aftur til Katona - annað hvort með skipi eða vagni.

- Það hljóta að finnast önnur skip, sagði greifinn strax.

Meðan hann talaði, leit hann út um gluggann, eins og hann ætti von á að sjá skip á höfninni.

- Nú, jæja, en þó svo að annað skip gæfist, færi ég ekki um borð í það, sagði Vesta rólega. - Ég ætla ekki að fara aftur til Englands.

- Já, en þetta er kjánalegt! sagði greifinn hvasst. - Þér vitið í rauninni ekki ýkja mikið um þetta land og hvað bylting er, hafið þér heldur ekki mikla hugmynd um, þar sem það hefur aldrei verið gerð bylting í Englandi. Þér verðið að hugsa um öryggi yðar og það gerið þér bezt með því að fara frá Katona, eins fljótt og mögulegt er.

- Ég hef ákveðið að fara til þessa lands, svaraði Vesta, - og hvað svo sem gerizt, þá tel ég það skyldu mína að vera hérna.

- Guð minn góður. Það er ekki *yðar* að taka ákvörðun í þessu máli!

Rödd greifans var ákveðin og valdsmannsleg, og Vesta reis hægt á fætur. Hún stóð beint fyrir framan hann, og það var reiðiglampi í augum hennar.

- Ég get ekki séð, að embættismenn hans konunglegu hátignar verði að láta alla sómatilfinningu lönd og leið, vegna þess að byltingin er skollin á. Já, þér verðið að afsaka, að ég skuli segja skoðun mína umbúðalaust.

Augu þeirra mættust, og eitt andartak hélt Vesta, að greifinn ætlaði að andmæla henni, en þess í stað sagði hann, um leið og hann reyndi að sýna stillingu: